



SKÖPUN OG SKRIF

ÍSLE2RS05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun haustönn 2017

Kennari áfangans er Jón Özur Snorrason (JÖS)

Áfangalýsing

Í áfanganum er unnið að skapandi skrifum á sem fjölbreyttastan hátt. Hugað er að muninum milli skapandi skrifa og hagnýtra skrifa. Hvað sé sameiginlegt og hvað sé ólíkt? Nemendur skrifa texta af ýmsu tagi: stuttar sögur og prósa, ljóð í frjálsu formi og örleikrit. Auk þess sem þeir kynna sér (lesa og greina) útgefna texta eftir viðurkennda höfunda. Verkefni af fjölbreyttu tagi verða unnin í töluðu og rituðu máli. Gert er ráð fyrir leikhúsferð á önninn sem hluta af námsmati og heimsókn höfundar.

Markmið

ÞEKKINGARMARKMIÐ

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ýmsum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem tengjast skapandi skrifum
- stefnum í íslenskum bókmenntum sem tengjast viðfangsefninu

LEIKNIMARKMIÐ

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna skapandi efni frá hugmynd til birtingar
- ganga frá eigin verkum til birtingar eða flutnings
- veita uppbyggilega gagnrýni og nýta sér hana frá öðrum
- flytja af öryggi og sannfæringarkrafti kynningu á eigin sköpunarverkum
- skilja viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar tilvísanir í ræðu og riti

HÆFNIMARKMIÐ

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á gagnrýnninn hátt
- leggja mat á og efla eigin málfærni
- skrifa vel uppbyggðan og grípandi texta
- velja framsetningu eftir efni, aðstæðum og viðtakendum
- setja fram efni sitt þannig að inntakið liggi ekki á yfirborðinu
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt í ræðu og riti
- sýna þroskaða siðferðisvitund, viðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í verkum sínum

Kennsluefni:

Engin ein kennslubók verður notuð en kennari leggur eitt og annað inn/til af glærum, úr bókum, með ljósritum, af vef, úr kvikmyndum eða með öðrum hætti. Mestur lærdómur felst í stöðugum/jöfnum lestri góðra bókmennta af ýmsu tagi. Talsvert af efni er að finna á veraldarvefnum undir leitarorðinu Creative Writing + poetry/short stories/drama. Leit á bókasafni skólans og öðrum bókasöfnum skilar ykkur líka árangri.

Kennslutilhögun:

Rauði þráður áfangans byggir á því að nemendur skili „tilbúnum“ textum sínum með reglubundnum hætti og geti gert grein fyrir hugmyndunum sem að baki þeim liggja. Yfirlestur, gagnrýni, skoðanir og rök. Umritun og áframhaldandi þróun. Markvisst er stefnt að leikhúsferð og heimsókn til rithöfundar eða hann fenginn í heimsókn.

Sundurliðað námsmat:

- 10% Persónuleg mappa með glósum úr kennslustundum, hugleiðingum ykkar (í tengslum við efni áfangans) sem sýnir sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, hvað þið hafið lært og skilið í áfanganum, hvað þið hafi gert og hvað eftir situr. Hugsunin á bak við þessa skilamöppu er að þið séuð virk í tímum og skrifandi. Óskað er eftir lifandi og skapandi möppu, myndrænni (með textum og myndum) sem lýsir vel summunni af ykkur (hverju og einu) og tengslum ykkar við efni áfangans : -)
- 30% Vinnubrögð og frágangur. Regluleg skil á verkefnum á Múðlu eða með öðrum hætti.
- 10% Alúð og virkni og mæting í kennslustundir. Skoðanir og rök í gagnrýnum umræðum.
- 15% Lokaverkefni sem byggir á sameiginlegri dagskrá – túlkun og flutningi verka.
- 20% Valið efni til kynningar: ein saga og ein ljóðabók.
- 15% Að semja og sviðsetja leikrænan texta.

Að lokum - nokkur orð um námsmat:

Eðli málsins samkvæmt getur reynst flókið mál að meta skapandi skrif til einkunna í tölustöfum. Mestan hluta annarinnar er því stuðst við mat sem byggir á umsögn og endurgjöf í orðum. Einnig ber að hafa í huga að einn mikilvægasti þáttur þessa áfanga byggir á mætingu og virkni í kennslustundum, í gagnrýni og endurgjöf til annarra, í reglulegri og jafnri ritun. Með öðrum orðum: **þeirri kostgæfni og alúð** sem hver og einn leggur í vinnu sína. Gæði verkanna er því ekki allt, fremur sú virðing og þær framfarir sem nemendur sýna í verki og í verkum sínum.

Tímaáætlun og yfirferð efnis:

Vinnuáætlun

| Vika | Virkir dagar | Viðfangsefni kennslustundanna |
|------|-------------------|--|
| 34 | 21. – 25. ágúst | Hagnýt skrif og skapandi skrif. Það sem er sameiginlegt og það sem er ólíkt. Grundvallaratriði í ritun og reglur um frágang verkefna. Stuttar ritæfingar, gagnrýni og upplestur. |
| 35 | 28. ág – 1. sept. | Um höfuðgreinar bókmennta og muninn á skálduðum texta og öðrum texta. Mismunandi stefnur og viðhorf til sköpunar bókmennta. Hugtök eins og hlutlægt – huglægt rædd og augljós texti og dulinn texti. Myndmál ljóða og stílbrögð könnuð ítarlega. Mikilvægi ljóðmælandans. Vinna með einstök hugtök og ólíkar gerðir ljóða. Skapandi ljóðagerð. |
| 36 | 4. – 8. sept. | Nemendur velja sér ljóðabók á íslensku. Lestur, greining og úrvinnsla. |
| 37 | 11. – 15. sept. | Áfram með ljóðagerð og ólíkar gerðir ljóða. Bragur og þróun ljóðlistar. Dægurlagatextar. Mismunandi aðferðir til að skrifa ljóð og ljóðræna texta. |
| 38 | 18. – 22. sept. | Áfram með ljóðagerð og ólíkar gerðir ljóða. Ljóðrænn texti. |
| 39 | 25. – 29. sept. | Úr ljóðum yfir í prósa (frásagnir). Hver er munurinn á ljóði og frásögn? Ljóðmælandi – sögumaður. Mismunandi frásagnaraðferð / sjónarhorn. Persónusköpun. Afhjúpun. Hið óvænta. Nokkrar klassískar smásögur lesnar og örsögur. Skapandi sagnagerð. Kveikjur og aðrar aðferðir. |
| 40 | 2. – 6. okt. | Skapandi sagnagerð. Mismunandi aðferðir prófaðar. Nemendur velja sér skáldsögu á íslensku. Lestur greining og úrvinnsla. |
| 41 | 9. – 13. okt. | Áfram með skapandi sagnagerð í ólíkum myndum og valin kvikmynd skoðuð. |
| 42 | 16. – 20. okt. | Lestur, greining og úrvinnsla á lesinni skáldsögu. Leikhúsferð. |
| 43 | 23. – 27. okt. | Úr prósa yfir í leikritun. Hið sýnilega. Hvað er leikrænn texti og hver er munurinn á honum og öðrum skálduðum texta? Örleikrit og persónusköpun. Samtöl og sviðsetning. |
| 44 | 30. okt – 3. nóv. | Áfram með leikritun. Að skapa aðstæður og gera þær lifandi. |
| 45 | 6. – 10. nóv. | Að semja og sviðsetja leikrænan texta. |
| 46 | 13. – 17. nóv. | Að semja og sviðsetja leikrænan texta. |
| 47 | 20. – 24. nóv. | Vinna við lokaverkefni. |
| 48 | 27. nóv – 1. des | Vinna við lokaverkefni |
| 49 | 4. – 7. des. | Lokaverkefni flutt. Samantekt og annarlök. |

Verkefnaskil:

- Um SÍMATSÁFANGA er að ræða og skal skila öllum verkefnum á tilsettum tíma.
- Geti nemendur ekki einhverra ástæðna vegna mætt í kennslustund bera þeir sjálfir ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Moodle en einnig er hægt að hafa samband við kennara.

- Nemendur sem mæta að jafnaði ekki í kennslustundir af einhverjum völdum þurfa að þreyta lokapróf auk verkefnaskila.
- Allir nemendur eru skráðir í Moodle-kennsluumsjónarkerfið og þurfa að fylgjast með því sem þar fer fram.
- Nemandi sem missir af prófi vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því. Ekki er um annan próftíma að ræða en þann auglýsta. Sjúkrapróf er tekin í annarlök.
- Notkun síma og samsvarandi tíma er ekki heimil í kennslustundum nema í tengslum við námið. Ítrekuð óleyfileg notkun slíkra tækja samsvarar fjarvist.

Selfossi, 20. ágúst 2017.

Með fyrirvara um breytingar á kennsluáætlun og ósk um áhuga, jákvæðni og góða mætingu.

Jón Özur Snorrason